



*Frámkvæmdanefnd
um einkuvæðingu*

Fundur haldinn 9. janúar kl. 9.00 í forsætisráðuneytinu. Mættir voru Ólafur Davíðsson, Jón Sveinsson, Sævar Þór Sigurgeirsson og Guðmundur Ólason. Baldur Guðlaugsson boðaði forföll.

1. Búnaðarbanki Íslands hf.

Benedikt Árnason mætti á fundinn. Edward Williams frá HSBC mætti á fundinn.

Farið var yfir stöðu varðandi erlenda fjármálastofnun sem kynnt hafði verið EW. Fjárhagslegar stærðir, stragedískt gildi, starfsemi o.s.frv. EW taldi bankann góðan fjárfesti og vel ásættanlegan fyrir íslensk stjórnvöld. Óveruleg tengsl væru á milli bankans og annarra aðila í hluthafahópnum. Einhver samlegðaráhrif væru á milli bankans og Búnaðarbankans.

Farið var yfir vinnulag og aðferðafræði í komandi samningum.

GÓ 9. janúar 2003